

Fundargerð
336. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 25. janúar 2017, kl 16.00 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Stofnanasamningar
 - Hver er staðan
4. Niðurstaða félagsdóms í máli SLFÍ gegn Eir
 - [Sjá fylgiskjal 1](#)
5. Félagsstjórnarfundur 23. febrúar
 - Þörf á vinnufundi félagsstjórnar á næstunni
 - Erindi fyrir félagsstjórn
 - Aðild SLFÍ að BSRB, framhald frá síðasta fundi
 - [Sjá fylgiskjal 2](#)
 - Sjá fylgiskjal 3 [Um stéttarfélagslega stöðu lögreglumanna](#)
 - Sjá fylgiskjal 4 [Upplýsingar frá styrktarsjóði](#)
 - Fjármál svæðisdeilda SLFÍ (kennitölur)
 - Sjá fylgiskjal 5 [frá Vesturlandsdeild](#)
6. Undirbúningur fyrir næsta trúnaðarmannaráðsfund
 - Tillaga er um að [Ingibjörg Jónsdóttir, prófessor og yfirmann Streiturannsóknastofnunar Gautaborgar. verði með erindi](#)
 - [Sjá fylgiskjal 6](#)
7. Íslandsmeistaramót í hjúkrun
 - Erindi frá FB
 - [Sjá fylgiskjal 7](#)
8. Afmæli FB

Sjá einnig fylgiskjal 7.
9. Lífeyrismálin
 - Sjá fylgiskjal 8 [Erindi til réttindanefndar](#)
 - Sjá fylgiskjal 9 [Upplýsingar frá BSRB](#)

10. SALEK

- Sjá fylgiskjal 10 [Rammasamkomulagið](#)
- Sjá fylgiskjal 11 [Úr fundargerð BSRB](#)

11. Drög að mannauðssjóði

12. [Sjá fylgiskjal 12](#)

13. Íbúðafélag

- Frá Árna Stefáni
Það kom upp misskilningur. Eins og þú manst þá var það kynnt í stjórn BSRB að BSRB ætti að koma með 10 milljónir. Skiptingin væri 20% BSRB og 80% ASI. Eins var talað um að heildartalan væri 100 milljónir. 20% að 100milljónum er 20 milljónir en ekki 10 milljónir. Það veit enginn hvernig þessi 10milljónir fóru á kreik. Alla vega er það staðfest að BSRB á að leggja fram 20milljónir.

[Sjá fylgiskjal 13](#)

[Sjá fylgiskjal 14](#)

14. Erindi frá BSRB vegna fyrirhugaðs námskeiðs

[Sjá fylgiskjal 15](#)

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð alla velkomna.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Stofnanasamningar

KÁG fór yfir að lítið hefði þokast í gerð stofnanasamninga síðustu tvær vikurnar, að öðru leyti en því að samningar við HH og HVest væru að mestu frágengnir en óundirritaðir. Stjórnendur HH fóru fram á að út fari greinar í stofnanasamningi sem ekki eru virkar á þessum tímapunkti. Fulltrúar SLFÍ hafa hafnað því í samráði við lögmann félagsins og sent það álit á HH.

Samningur við HVest er frágenginn en nýráðinn forstjóri er ekki kominn til starfa, en mun undirrita samninginn þegar hann kemur til starfa. Fundur verður á HSU 26.

janúar og er það 7. fundurinn um stofnanasamninginn, en illa gengur að fá inn sérstakt ákvæði um heimahjúkrun. Áfram verður unnið að gerð þeirra stofnanasamninga sem eru ókláraðir.

KÁG fór yfir fund sem haldinn var á Hrafnistu í Hafnarfirði.

4. Niðurstaða Félagsdóms í máli SLFÍ gegn Eir

GÖG gerði grein fyrir félagsdómi í máli SLFÍ gegn Eir vegna sjúkraliða sem starfað hafa við heimahjúkrun á vegum Eirar í áraradír á of lágum launum að mati félagsins. Lögmaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu lagði fram frávísunarkröfu á þær kröfur félagsins að launin yrðu leiðrétt og einnig varakröfuna sem var að SFV/Eir hafi brotið gegn 3. gr. stofnanasamnings um að raða beri sjúkraliðum sem starfa við heimahjúkrun á vegum Eirar sérstaklega.

Niðurstaða dómsins var að ekki yrði dæmt um það hvort sjúkraliðarnir ættu að fá ákveðna launahækkun í takt við samninga félagsins við stofnanir sem sinna heimahjúkrun, en það var m.a. krafa félagsins. Dómurinn mun aftur á móti taka til skoðunar varakröfu félagsins um að SFV/Eir beri að raða sérstaklega þeim sjúkraliðum sem félagið telur að sinni heimahjúkrun. KÁG og GÖG hafa farið yfir málið með Gísla Guðna Hall lögmanni félagsins og var ákveðið að halda áfram með málið. [Sjá fylgiskjal 1](#)

5. Fundur félagsstjórnar 23. febrúar undirbúinn

KÁG ræddi að ástæða væri til að halda vinnufund félagsstjórnar fljótlega til að fara yfir ýmis mál er varða félagið.

Farið var yfir ákveðna dagskrárliði næsta fundar félagsstjórnar og skoðaðar ákveðnar samantektir varðandi veru SLFÍ í BSRB og þau gögn rædd.

[Sjá fylgiskjal 2](#), matsblað á jákvæðum og neikvæðum þáttum.

Sjá fylgiskjal 3 [Um stéttarfélaglega stöðu lögreglumanna](#)

Sjá fylgiskjal 4 [Upplýsingar frá styrktarsjóði](#)

Kristín Ólafsdóttir (KÓ) varaformaður SLFÍ gerði grein fyrir að hún hafi farið yfir gamlar fundargerðir félagsstjórnar og þar kom fram að árið 2006 hafi verið umræða um að ganga úr BSRB. Ákveðið var að ræða málið frekar á næsta fundi félagsstjórnar. Farið var yfir erindi frá stjórn Vesturlandsdeildar vegna umræðu um fjármál deilda og rekstur þeirra. [Sjá fylgiskjal 5 frá Vesturlandsdeild](#)

6. Undirbúningur fyrir næsta fund trúnaðarmannaráðs

KÁG kynnti hugmynd um erindi á næsta fund trúnaðarmannaráðs. Erindið fjallar um stjórnun vinnustaða, streitu og fleira vinnustaðatengt. Erindið byggir á rannsóknnum Ingbjargar Jónsdóttur prófessors. [Ingbjörg Jónsdóttir, prófessor og yfirmann Streiturannsóknastofnunar Gautaborgar.](#)

[Sjá fylgiskjal 6](#) Ákveðið var að kanna hvort mögulegt væri að fá Ingbjörgu til að halda erindi á fundi trúnaðarmanna n.k. haust.

7. Íslandsmeistaramót í hjúkrun, erindi frá FB

Farið var yfir hvað verði keppnisverkefnið á mótinu. Niðurstaða mun liggja fyrir eftir fund vinnuhóps í næstu viku.

KÁG fór yfir erindi sem barst frá stjórnendum Sjúkraliðabrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Erindið varðar afmælisgjöf til deildarinnar í tilefni af 40 ára afmæli skólans. Verið er að vinna listaverk tengt brautinni og félaginu, sem óskað er eftir að verði styrkt.

[Sjá fylgiskjal 7](#)

8. Afmæli FB

Rætt var um tillögu/hugmynd frá fulltrúum sjúkraliðabrautar FB um stuðning við gerð listaverks. Ákveðið var að finna út hver upphæð gjafar til FÁ í sambærilegu afmæli

og upphæðin miðuð við þá gjöf. Gjöfin/fjármunirnir verða síðan lagðir inn á reikning skólans.

Sjá einnig fylgiskjal 7.

9. Lífeyrismál

Farið var yfir þá umræðu sem verið hefur innan BSRB um stöðu lífeyrismála hjá opinberum starfsmönnum í A deild LSR og Brúar. Fram kom að forysta BSRB hefur þegar átt fund með nýjum félags- og jafnréttismálaráðherra og var staðan í lífeyrismálunum meðal umræðuefna á þeim fundi. Þá munu lífeyrismálin verða til umræðu á fyrirhuguðum fundi með fjármála- og efnahagsráðherra.

Hagstofa Íslands vinnur að því þessa dagana að taka saman gögn vegna launaskriðstryggingarinnar sbr. rammaskomulagið frá 27. október 2015. Þegar niðurstaða er komin í þá vinnu mun verða farið yfir þá útreikninga og næstu skref ákveðin.

BSRB er, eins og fleiri, að skoða lögmæti lagasetningar Alþings fyrir jól þegar lögum um LSR var breytt. Engin niðurstaða er komin í það mál enn sem komið er.

Einnig var farið var yfir erindi frá fulltrúa SLFÍ og LL sem sent var á Réttindanefnd BSRB og hvernig það var afgreitt í nefndinni.

Sjá fylgiskjal 8 [Erindi til réttindanefndar](#)

Sjá fylgiskjal 9 [Upplýsingar frá BSRB](#)

10. SALEK

KÁG gerði grein fyrir umræðunni innan BSRB um framhald SALEK samstarfsins.

Ríkið hefur ráðið Hallgrím Snorrason fyrrverandi Hagstofstjóra sem verkefnastjóra til að vinna með málið áfram.

Sjá fylgiskjal 10 [Rammaskomulagið](#)

Sjá fylgiskjal 11 [Úr fundargerð BSRB](#)

11. Drög að mannaðssjóði

Rætt var um nýtingu þess fjármagns sem samið var um í kjarasamningum 2014, sem á m.a. að koma til stuðnings/styrkingar trúnaðarmannastarfinu og farið yfir umræðuna sem var í KLIVUR nefnd BSRB. Ákveðið að hafa þenna sjóð á ákveðnum lykli í bókhaldi félagsins/Starfsmenntasjóðs.

[Sjá fylgiskjal 12](#)

12. Íbúðarfélag

KÁG fór yfir þann misskilning sem var varðandi greiðslu BSRB félaga til íbúðarfélagsins sem er á vegum BSRB og ASÍ og er ætlað láglaunafólki.

Það kom upp misskilningur. Eins og þið munið þá var það kynnt í stjórn BSRB að BSRB ætti að koma með 10 milljónir. Skiptingin væri 20% BSRB og 80% ASÍ. Eins var talað um að heildartalan væri 100 milljónir. 20% að 100 milljónum er 20 milljónir en ekki 10 milljónir. Það veit enginn hvernig þessi 10 milljónir fóru á kreik. Alla vega er það staðfest að BSRB á að leggja fram 20 milljónir. Árni Stefán formaður SFR og fulltrúi BSRB í stjórn íbúðafélagsins.

[Sjá fylgiskjal 13](#)

[Sjá fylgiskjal 14](#)

Ákveðið var að GÖG og Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ gangi frá samningnum.

13. Erindi frá BSRB

Farið yfir erindi frá Brjáni kynningarfulltrúa BSRB, sem varðar námskeið fyrir fulltrúa aðildarfélaganna að bandalaginu sem sjá um kynningarmál aðildarfélaganna.

[Sjá fylgiskjal 15](#) Málið rætt og ekki talin þörf að svo stöddu.

Önnur mál

- Jóhanna Traustadóttir gerði grein fyrir að Vinnueftirlitið hefði gert alvarlegar athugasemdir við vinnuskipulag á LSH. Fram kom að í gangi væri vinna inni á LSH sem miðaði að því að breyta vaktaskipulagi í takt við athugasemdir Vinnueftirlitsins. Fylgst verður með málinu og fulltrúar SLFÍ munu verða í sambandi við eftirlitið.
- Rætt var um að inni á LSH/Landakoti sé verið að auka stubbavaktir. Málið verður kannað betur og rætt við Báru Jóhannsdóttur sérfræðing á starfsmannasviðið LSH.
- KÁG gerði grein fyrir að „stubbavaktahópurinn“ hafi ekki fundað í langan tíma. Vinnustaðaheimsóknir fulltrúa nefndarinnar voru í desember 2016 á HSA og HSS og ekkert hefur gerst síðan. KÁG sendi póst á alla fulltrúa í nefndinni til að reka á eftir vinnu nefndarinnar og voru töluverð viðbrögð við því. Lagt var til að næsti fundur verði 15. febrúar.